

Hafi selst minna en 10 lítrar af sölutegund undanfarna 6 mánuði í einhverri annarri vínbúð en í Heiðrúnu og í Kringlunni, skal viðkomandi verslun hætta sölu hennar. Í hennar stað velur verslunarstjóri sölutegund í samræmi við eftirspurn viðskiptavina. Forstjóri ÁTVR skal meta ákvarðanir verslunarstjóra skv. þessum tölulið árlega og breyta vali til samræmis við almennar reglur þyki honum ástæða til. Komist vara úr reynsluflokki í kjarna skal hún þrátt fyrir ákv. um hámark sölutegunda og ákv. 7. mgr. um val vöru í verslanir, vera föl í þeim verslunum, sem höfðu hana í reynslusölu, í 3 mánuði. Að þeim liðnum fer um dreifingu skv. almennum reglum.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 10. maí 2000.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

*Hildur Petersen*

*Þórhallur Jósefsson*

*Anna Margrét Jóhannesdóttir*

Með vísan til 13. gr. reglugerðar nr. 205/1998, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast framangreindar breytingar á reglum nr. 130/2000, um innkaup og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja, hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 17. maí 2000.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Tómas N. Möller.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu a og b gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil kg	Vörumagn %	Verðtollur kr./kg	Magntollur
a)					
0405.xxxx	Smjör og önnur fita	01.07.00 - 30.06.01	53.000	0	205
b)	<i>Ostur og ystingur:</i>		119.000		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.07.00 - 30.06.01		0	146
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.00 - 30.06.01		0	146
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.00 - 30.06.01		0	109
0406.4000	Gráðostur	01.07.00 - 30.06.01		0	167
0406.9000	Annar ostur	01.07.00 - 30.06.01		0	163

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ótilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2001.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 19. maí 2000.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Tollnúmer: Kjötvörur úr vörulið 1602:</i>		86.000		
1602.1001	Blönduð matvara meira en 60% af kjöti	01.07.00 - 30.06.01	-	0
1602.1009	Meira en 20% til og með 60%	01.07.00 - 30.06.01	-	0
1602.2011	Meira en 60% af dýralifur	01.07.00 - 30.06.01	-	0
1602.2012	Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	01.07.00 - 30.06.01	-	0